

KORTA ÞJÓNUSTAN

DCC



by

KORTA

DCC: Erlendir viðskiptavinir greiða í sinni mynt og þú færð þóknun

GEGNSÆRRI VIÐSKIPTI FYRIR KAUPANDANN OG AUKATEKJUR FYRIR ÞIG



Hvað er DCC?

DCC stendur fyrir Dynamic Currency Conversion og er sjálfvirkt gjaldmiðlaskiptikerfi sem finnur út heimagjaldmiðil á erlendum kreditkortum og reiknar söluupphæðina sjálfvirkt yfir í upphæð í viðkomandi gjaldmiðli. DCC kerfi Kortþjónustunnar og PBS er í boði fyrir bæði Visa og MasterCard kort.

Með DCC getur þú boðið viðskiptavininum að greiða í eigin gjaldmiðli, t.d. EUR, GBP, USD, DKK, SEK, NOK, CHF og JPY, sem valkost við ISK – án allrar gengisáhættu fyrir þig eða korthafann.

Kostirnir fyrir þitt fyrirtæki

- Erlendir viðskiptavinir geta valið um að greiða í sínum eigin gjaldmiðli í stað ISK
- Þú færð upphaflegu ISK söluupphæðina greidda með kortauppgjörinu þínu
- Þú færð 1% skiptipóknun ef DCC er notað
- Skiptipóknunin er greidd með kortauppgjörinu þínu í ISK
- Fyrirtæki sem skipta mikið við erlenda viðskiptavini geta haft talsverðar tekjur af DCC
- Ef korthafinn velur að greiða í sínum gjaldmiðli fær söluaðilinn 1% skiptipóknun
- Ekkert erlent álag þótt korthafi kjósi að greiða í ISK

Kostirnir fyrir þinn viðskiptavin

Erlendir viðskiptavinir geta loks valið að greiða í sínum eigin gjaldmiðli í stað íslenskra króna og fá strax að vita hver upphæðin er í heimagjaldmiðlinum. Flestir kjósa að greiða í sínum heimagjaldmiðli, sem þeir þekkja betur, og fá þannig strax að vita og samþykkja þá upphæð sem verður endanlega gjaldfærð á kortareikning þeirra. Þannig þurfa erlendir viðskiptavinir ekki að hafa fyrir því að umreikna kaupupphæðina eða vera í vafa um hvaða gengi kortaútgefandi notar til að gjaldfæra kortareikninginn.

DCC er jafnframt mjög þægilegt fyrir ferðamenn í viðskiptaerindum þar sem þeir vita strax eftir ferðina hver ferðakostnaðurinn er og geta innheimt hann hjá fyrirtæki sínu.

(Ef erlendir viðskiptavinur velur að greiða án DCC, leggst yfirleitt skiptipóknun á kortareikninginn hjá kortaútgefandanum. Skiptipóknunin getur verið misjöfn og er því ómögulegt að segja hvor leiðin er hagstæðari, auk þess er alltaf óvissa um endanlegt skiptigengi.)

Svona virka DCC færslur

- Erlendur viðskiptavinur greiðir með kreditkorti sínu fyrir kaup á vöru eða þjónustu
- DCC kerfið greinir að kortið er erlent og frá hvaða landi það er
- Afgreiðslumaðurinn býður korthafanum að velja milli þess að greiða í erlenda gjaldmiðlinum eða ISK
- DCC notast við heilðsölugengi dagsins frá Reuters, að viðbætti 3% skiptipóknun
- Posakvittunin inniheldur kaupverðið í ISK, skiptigengið og upphæðina í erlenda gjaldmiðlinum, þannig að viðskiptavinurinn hefur allar upplýsingar við höndina



Ný tekjulind

Erlendur viðskiptavinur kaupir vöru eða þjónustu sem verðlögð er í ISK. Honum býðst að greiða í sínum heimagjaldmiðli, t.d. EUR. EUR upphæðin er reiknuð með heilðsölugengi dagsins frá Reuters að viðbætti 3% skiptipóknun. Skiptipóknunin skiptist á milli DCC þjónustuaðila, kortafyrirtækjanna og þín. Þar af færð þú 1% skiptipóknun.

Hvað þarf til?

Til að bjóða upp á DCC þarf að gera viðaukasamning við þjónustusamning PBS og Kortþjónustunnar. Þá þarf að uppfæra posatækið og eftir það býður posatækið sjálfvirkt upp á DCC valmöguleika þegar erlent kort er notað.

Viltu vita meira?

Hafðu samband við okkur í síma 5588000 til að fá nánari upplýsingar um DCC.

Reglur og fyrirkomulag

DCC er hægt að bjóða í eftirfarandi gjaldmiðlum: EUR, USD, GBP, DKK, SEK, NOK, CHF, JPY, SGD, NZD, HKD, AUD og CAD.

Ef heimagjaldmiðill kortsins er ekki einn af ofantöldum gjaldmiðlum verður gjaldmiðillinn sjálfkrafa ISK.

Posakvittun mun birtast í tveimur skrefum:

Fyrst prentast kvittun með upplýsingum um valmöguleika korthafans, með upphæð og gengi í heimagjaldmiðli korthafans. Afgreiðslumaðurinn verður þá að bjóða korthafanum að velja um gjaldmiðil.

Þegar korthafinn hefur valið um gjaldmiðil prentar posinn aðra kvittun sem staðfestir færsluna. Posakvittunin inniheldur upphæðina í ISK, skiptigengið, upphæðina í heimagjaldmiðlinum og staðfestingu korthafans með samþykki á skiptunum.

Hvernig er færslan framkvæmd?

Þegar posinn prentar fyrstu kvittun verður afgreiðslumaður að spyrja viðskiptavininn hvort hann vilji borga í eigin gjaldmiðli eða í ISK, skv. þeim upphæðum sem posakvittunin býður upp á. Ef til vill þarf að skýra fyrir korthafanum hvernig skiptin fara fram og hverjir valkostirnir eru. Þegar korthafinn hefur valið gjaldmiðil sem nota skal í kortafærslunni framkvæmir afgreiðslumaður færsluna skv. því, fær undirskrift korthafans á kvittunina og afhendir honum eintak af posakvittuninni.

Athugið

Það er mikilvægt að korthafinn velji sjálfur gjaldmiðil viðskiptanna.

Söluaðili má aldrei framkvæma kortafærslu í heimagjaldmiðli korthafans án samþykkis korthafans.

Ef korthafinn vill ekki nota heimagjaldmiðil sinn, skal framkvæma færsluna í ISK. Ef þessari grundvallarreglu er ekki framfylgt, getur söluaðilinn fengið sektir og verið hafnað um kortaviðtöku.

Bakfærslur

Valfrjálst er hvort DCC er notað í bakfærslum.

Gengi

Gengið sem notað er til að umreikna kortafærslurnar er heildsölugengi Reuters, sem uppfært er daglega.